

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. (HEF) – Vatnsveita Múlaþings.

1. gr.

Gildissvið.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Múlaþings, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar í eigu sveitarfélagsins liggja, skal greiða vatnsgjald árlega.

2. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi fyrir hverja matseiningu og gjaldi fyrir hvern fermetra samkvæmt fasteignamati. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði er undanþegið fastagjaldi. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati.

3. gr.

Fjárhæð vatnsgjalds.

Af öllum fasteignum sem eru gjaldskyldar skal greiða vatnsgjald sem nemur 261 kr. á fermetra skv. fasteignamati og fast gjald 9.190 kr. á matseiningu. Árlegt vatnsgjald af sumarhúsum/fristundahúsum skal þó að lágmarki vera 28.790 kr. Á gjaldaliði leggst ekki virðisaukaskattur.

4. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn Múlaþings ákveður fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

5. gr.

Notkunargjald.

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa, greiða notkunargjald. Notkunargjald skal innheimt skv. rúmmetramæli sem HEF leggur til og eru gjalddagar 5. hvers mánaðar. Notkunargjald vatns um mæli í fastri leigu kaupanda skal vera 33 kr. pr. rúmmetra og frá Urriðavatnsveitu 25 kr. pr. rúmmetra.

Notkunargjald í lausasölu og til hafna fyrir vatn til skipa við bryggju er 280 kr. pr. rúmmetra.

6. gr.

Mælaleiga.

Leiga rúmmetramæla er eftirfarandi:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga kr. pr. dag</i>
15 mm	39
20 mm	40
25 mm	52
32 mm	59
50 mm	87
80 mm	226
100 mm og stærri	238

7. gr.

Heimæðar.

Gjöld fyrir heimæðar miðast við að idráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt frá tengistað HEF við lóðarmörk að tengistað í inntaksrými mannvirkis og að lega og frágangur idráttarrörs hafi verið tekinn út og samþykktur af HEF.

Þvermál inntaks:	≤ 32 mm	40 mm	63 mm	50 mm	75 mm
Heimæðargjald – þéttbýli* kr.	265.000	379.000	561.000	824.000	1.092.000
Heimæðargjald – dreifbýli kr.	528.000	Um verð sverari heimæða skal samið sérstaklega.			

* Skipulagt þéttbýli í Múlaþingi.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds, eða gera lóðar- eða landeiganda að greiða heimæðina skv. kostnaði, þetta á einnig við ef nauðsynlegt reynist að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu.

8. gr.

Verðlagning.

Stjórn HEF tekur ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt 3. gr í lok hvers árs, fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. Önnur gjöld í gjaldskrá þessari miðast við byggingavísitölu og breytast samkvæmt henni á sex mánaða fresti (1. janúar og 1. júlí). Gjöld vatnsveitunnar bera ekki virðisauka-skatt.

9. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. 30. nóvember 2020 samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, sem tóku gildi 7. maí 2004, staðfestist hér með til að taka gildi 1. janúar 2021 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár vatnsveitna HEF, Djúpavogs, Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar eystri.

Múlaþingi, 30. nóvember 2020.

Aðalsteinn Þórhallsson framkvæmdastjóri HEF.